

Nafn:

1. Við leysum jónefnið magnesíum nítrat $Mg(NO_3)_2$ í vatni.
 - a) Sýndu formúlur fyrir jónirnar og útskýrðu af hverju það eru í hverri formúlueiningu af efninu ein magnesíum jón og tvær nítratjónir.
 - b) Hver er mólmassi magnesíumnítrats?
 - c) Við leysum 106,0 g af efninu upp og lausnin verður 1,8 dm³
Hver er formlegur mólstyrkur efnisins?
 - d) Hver er mólstyrkur magnesíum jón og nítratjóna í lausninni?

2. Fyrir hvert atriði hér að neðan, útskýrðu hvað þetta er, finndu mynd á netinu og settu inn eða sendu slóðina á myndina og líka á myndband sem útskýrir atriðið. Ekki má nota sömu myndir og myndbönd og kennarinn benti á í leiðbeiningabréfinu.
 - a) Tvískauts-tvískautskraftar.
 - b) London kraftar.
 - c) Vetrastengi.

d) Vetrastengi í DNA.

e) Skautuð samgild tengi. (gætir þurft að leita frammar í áfanganum)

3. Útskýrðu hvað það merkir þegar við segjum **líkur leysir líkan**. Ekki er nægilegt að svara þessu með einni setningu, það þarf að útskýra og koma með dæmi.

Nóg í þetta skiptið. Jóhannes